

Fundargerð Ungmennaráðs Snæfellsbæjar

Dagsetning: 3. september 2025

Tími: 18:30–19:30

Staður: Félagsheimilið Röst Hellissandi

Mætt: Arnar Valur Mattíasson, Emelía Hall Stígisdóttir, Kristján Mar Yilong Traustason og Adrian Pienkowski

Forföll: Hanna Líf Kristgeirsdóttir og Hrefna Jónsdóttir

Ritari: Halldóra Kristín Unnarsdóttir

Dagskrá

1. Hvað er ungmennaráð?
2. Kosning í stjórn
3. Ungt fólk og lýðræði
4. Ráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga
5. Noregsferð Ungmennaráðs Vesturlands
6. Hvernig getum við verið sýnileg?
7. Annað

1. Hvað er ungmennaráð?

Ungmennaráð sveitarfélaga er vettvangur þar sem ungt fólk fær að hafa áhrif á samfélagið sitt. Ráðið er skipað ungmennum sem hittast reglulega, ræða málefni sem varða þau og koma tillögum á framfæri við sveitarstjórn.

Hlutverk ráðsins er að vera rödd ungmenna, stuðla að lýðræðislegri þátttöku og vinna að bættum lífsgæðum barna og ungmenna í sveitarfélaginu.

Af ungmennaráði er ætlast að það:

- haldi fundi og taki þátt í ákvörðunartöku,
- vinni með sveitarstjórn og nefndum,
- hlusti á og tali fyrir hagsmunum annarra ungmenna,
- stuðli að jákvæðum breytingum í samfélaginu.

2. Kosning í stjórn

Eftirfarandi voru kjörin í stjórn:

- **Formaður:** Arnar Valur Mattíasson
- **Varaformaður:** Emelía Hall Stígisdóttir
- **Ritari:** Kristján Mar Yilong Traustason
- **Vararitari:** Hanna Líf Kristgeirsdóttir
- **Meðstjórnendur:** Hrefna Jónsdóttir og Adrian Pienkowski

3. Ungt fólk og lýðræði

Kynnt var lýðræðisverkefnið *Ungt fólk og lýðræði* á vegum UMFÍ. Markmið þess er að efla ungt fólk til áhrifa og þátttöku í samfélaginu. Verkefnið felst í að:

- fræða ungt fólk um lýðræði og áhrif þess,
- skapa vettvang til þátttöku og ákvarðanatöku,
- styðja sveitarfélög og samtök við að virkja rödd ungs fólks,
- tengja ungt fólk við ákvarðanatökuvald.

Ráðstefnan fer fram 12.–14. september. Enginn úr ráðinu getur mætt að þessu sinni.

4. Ráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga

Rætt var um ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldin verður 5. desember á Hilton hóteli í Reykjavík. Þar munu ungmennaráð og umsjónarmenn hittast, fræðast og ræða mikilvægar áskoranir og málefni.

5. Noregsferð Ungmennaráðs Vesturlands

Ungmennaráð Vesturlands fer í ferð til Kristianssand í Noregi dagana 17.–24. september. Fulltrúar Snæfellsbæjar eru Hrefna Jónsdóttir og Emelía Hall Stígsdóttir. Með þeim fer Marel Arín, starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar og fulltrúi ungmenna.

6. Hvernig getum við verið sýnileg?

Rætt var hvernig ráðið getur náð betur til ungmenna í sveitarfélaginu. Niðurstaðan var að nýta samfélagsmiðla og félagsmiðstöðvar sem vettvang. Ákveðið var að stofna Instagram-aðgang fyrir ráðið og hefja herferð til að auka sýnileika í Snæfellsbæ.

7. Annað

- Farið var yfir hugmyndir að framtíðaviðburðum.
- Ákveðið var að funda mánaðarlega, fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.

Ritari fundarins:

Halldóra Kristín Unnarsdóttir